

Mál nr. 188/2009
(M) v A og
Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar B

Umferðaróhapp þegar bifreið ók á stikufót þ. 7.3. 2009.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 3.6.2009
2. Bréf V dags. 18.6.2009 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M ók bifreið sinni rétt utan við Staðarbakka í Hörgárdal í mikilli snjóblindu og lenti nánast utan vegar þar sem að vegastiku vantaði og ók utan í járnfestingu vegastikunar og reif dekkið hægra megin að aftan. M krefst bóta vegna þessa úr ábyrgðartryggingu B hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki megi rekja atvikið til saknæmrar ólögmætrar háttsemi vátryggingataka eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á. V segir að sá vegur þar sem atvikið varð sé heimreið um 5 km long og B beri ekki ábyrgð á snjómokstri á umræddum vegi en hann sé alfarið í umsjá sveitarfélagsins og B beri því ekki ábyrgð á því að vegastika hafi verið brotin og hafi ekki fengið tilkynningu um það eða vitað af því að vegastikan hafi verið brotin.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á sök B á tjóni M og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 30.6.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.